



Okkur vantar hressa og góða skólaliða. Vertu með í frábærum hóp!

Okkur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn vantar skólaliða. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. janúar 2025. Í skólanum eru 293 nemendur og starfsmenn eru um 70 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefninu um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolin>.

Um er að ræða stöðu þar sem ráðningahlutfall er 90%.

Helstu verkefni og ábyrgð skólaliða:

- *Ræsting á skólahúsnæði.*
- *Almenn gæsla og aðstoð við nemendur.*
- *Gæsla í frímínútum og í mötuneyti skólans.*

Hæfniskröfur:

- *Áhugi á að starfa með börnum.*
- *Reynsla af starfi með börnum er kostur.*
- *Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.*
- *Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.*
- *Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.*

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.


Umsóknarfrestur er til 28. nóv 2025.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>



ÖLFUS
Hamingjan er hér